

Dagsetning
18.4.2005

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, 677. mál, heildarlög.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur breytingar á lögum sem felast í frumvarpinu æskilegar. Eðlilegt er að starfstími, starfshættir og viðurlagaákvæði séu með sama hætti fyrir alla fiskmarkaði. Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Ráðgjafi á próunarsviði Byggðastofnunar